



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

16. febrúar 2012

7. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Aðeins einn sem ræður

„Auðvitað var þetta ekki fyrir einn mann að vinna fyrir þessu öllu. En hann komst bara einn út að vinna. Ég gat ekki tekið börnin með mér. En ég reyndi að drýgja tekjurnar með því að hnýta net og tauma,“ segir Guðrún Valgeirsdóttir. Á miðopnu blaðsins talar hún um hvernig hún kom upp átta börnum, árin í rækjuverksmiðjunni og Ólaf Ragnar Grímsson.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Áætlaður kostnaður 665 milljónir

Áætlaður kostnaður við gerð ofanflóðavarna neðan Gleidarhalla í Skutulsfirði er 665 milljónir króna að því er greint var frá á kynningarfundum sem haldinn var í síðustu viku. Ríflega 30 íbúar mættu til fundarins. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin taki um fjögur ár. Áætlað er að reisa fimm metra háan varnargarð eftir endilangri hlíðinni til varnar aurlóðum og grjóthruni. Einnig á að reisa fjórtán metra háa ofanflóðavörn neðan líklegustu snjóflóða farveganna í Stakkahrygg og Stóruurð. Þá verður reistur sjö metra hár og 125 metra langur snjóflóðavarnargarður.

Heildar fyllingarmagn í garðanna er áætlað um 128.000 rúmmetrar og taka þeir yfir 62.400 m² svæði.

Meðal þeirra spurninga sem komu fram á fundinum var hvort nauðsynlegt væri að byggja eins stóra varnargarða og ráðgert er. Jóhann Birkir Helgason, bæjarverkfræðingur, sagði að þeirri spurningu hafi í raun verið svarað fyrir mörgun árum. „Það var hættumatsnefnd Ísafjarðarbæjar sem mat hættuna sem var staðfest af



Ríflega 30 manns mættu til kynningarfundarins.

ráðherra. Það verður að meta hættuna út frá þessu mati. Við getum ekkert breytt lögnum.“

Það er fyrirtækið Mannvit hf., sem sér um hönnun garðanna en gert er ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið 1. apríl nk. „Næstu skref eru að klára að hanna mannvirkið og sjá hvernig við komum lögnum fyrir en ráðgert er að sem flestum lögnum verði komið fyrir í eða við garðanna. Í fram-

haldinu verður komið með tillögum um hvernig verkinu verður skipt upp. Gert er ráð fyrir að framkvæmdinni verði skipt niður í nokkur verk og stefnt er að því að færslu lagna í sumar,“ segir Jóhann Birkir. Íbúar við Urðarveg geta átt von á einhverju ónæði vegna framkvæmdanna og þá sérstaklega vegna hávaða.

Vatnsleki er í jarðveginum á framkvæmdasvæðinu vegna aur-

bleytu og snjóá og seytla nokkuð af vatninu inn í kjallara og garða á svæðinu. Jóhann Birkir segist ekki geta sagt til um hvort þetta vandamál leysist við gerða varnargarðanna. „Við vitum ekki nákvæma hvers vegna lekur í kjallara og garða, en ekki óalgengt að í 30 ára gömlum húsum séu drenlagnir orðnar lélegar. En við vonumst til að þetta lagist við að dýpka skurðina fyrir ofan garð-

ana. Við munum skoða vel aðstæður á hverjum stað fyrir sig og hvort eitthvað muni breytast við framkvæmdina.“

Jóhann Birkir telur ekki að bleyta í jarðvegi muni tefja fyrir framkvæmdunum. „Það er þó ekki hægt að útiloka það. Þær prufuholur sem hafa verið teknar á þessu svæði hafa verið þurrar en maður veit aldrei þegar maður er að vinna með svona efni.“

Telja að Ísafjarðarbær beri ábyrgð á tjóni vegna díoxínmengunar í Engidal

Steingrímur Jónsson bóndi í Efri Engidal og Kristján Ólafsson á Kirkjubóli í Skutulsfirði og Karl Bjarnason að Neðri Hjarðardal í Dýrafirði telja að Ísafjarðarbær beri ábyrgð á því tjóni sem bændurnir urðu fyrir af völdum díoxínmengunar sem rekja megi til sorpbrennslustöðvarinnar Funa í Engidal, þar sem sveitarfélagið var bæði eigandi stöðvarinnar og rekstraraðili. Bændurnir hafa leitað aðstoðar hjá lögmannastofnunni Megin en stofnan sendi Ísafjarðarbæ nýlega bréf þar sem óskað er eftir að skýr afstaða sveitarfélagsins liggi fyrir í málinu eigi síðar en 20. febrúar nk. Í bréfinu segir einnig að bændurnir hafi orðið fyrir miklu tjóni vegna mengunarinnar. Næstu vikur og mánuðir fari í að meta tjónið og ekki sé ósennilegt að leita þurfi til dómskvaddra matsmanna, náið ekki samkomulag við sveitarfélagið.

Bann var sett við sölu allra afurða frá bænum Efri-Engidal í desember 2010, í kjölfar þess að styrkur díoxín í mjólk fór yfir leyfileg mörk, og einnig var sett bann við flutningi á lifandi dýrum frá bænum. Sýni sem tekin voru í upphafi árs 2011 af lambakjöti,



Engidalur í Skutulsfirði.

bæði frá Efri-Engidal og Kirkjubóli í Skutulsfirði sýndu að kjötið var mengað. Í kjölfarið ákvað stjórn sláturleyfishafa að taka ekki við búfé til slátrunar frá Skutulsfirði. Auk þess ákvað Mjólkursamsalan að taka ekki við mjólk frá Efri-Engidal. Frá því að málið kom upp í lok árs 2010 og fram í apríl 2011 hafði Mjólkursamsalan tekið við mjólk-

inni en hellið henni niður, að því er fram kemur í bréfi lögmanns bændanna.

Þann 6. apríl 2011 var sett bann við sölu allra afurða frá Efri-Engidal og Kirkjubóli. Auk þess var sett bann við flutningi á lifandi dýrum frá bæjunum meðan frekari gagna var aflað. Slátra varð öllu búfé frá bæjunum tveimur, auk þess sem nauðsyn-

legt var talið að slátra sjö kálfum frá Neðri-Hjarðardal í Dýrafirði þar sem þeir komu allir frá Efri-Engidal. Fengu bændurnir ekkert greitt fyrir þær afurðir. Þann 11. janúar síðastliðinn var aflétt banni á nýtingu fódurs frá svæðinu þannig að heimilt verður að afla heyja fyrir búfénað og nýta landið til beitar fyrir búfé. „Niðurstöðurnar breyta hins vegar

engu um þann búfénað sem var eða er mengaður, né heldur breyta niðurstöðurnar banni á nýtingu eldra fódurs frá Engidal. Áfram er því bann við nýtingu afurða þeirra dýra sem alin voru á föðri frá svæðinu þegar mengunin var meiri en nú er“ segir í bréfinu.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur óskað eftir umsögn Andra Árnasonar bæjarlögmanns um málið.

Opinn fundur á Ísafirði

Opinn fundur Landsbankans um fjárfestingu, nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífsins verður haldinn í Edinborgarhúsinu miðvikudaginn 22. febrúar kl. 20.

Steinþór Pálsson bankastjóri kynnir stefnu og áherslur Landsbankans árið 2012. Einnig verður fjallað um þjónustu Landsbankans við nýsköpunarfyrirtæki. Fulltrúi Nýsköpunarsjóðs

atvinnulífsins flytur erindi um nýsköpun á Íslandi og frumkvöðull segir frá sinni reynslu af stofnun og rekstri metnaðarfulls fyrirtækis. Allir velkomnir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í 410 4000.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Góð stemming á Stútungi

Um 160 manns mættu á Stútung, árlega vetrargleði Önfirðinga, sem haldinn var í íþróttahúsinu á Flateyri á laugardagskvöld. „Það var rosalega gaman. Þetta gekk allt mjög vel og það var mikil stemming í salnum,“ segir Pálfríður Ása Vilhjálmstöttir, einn af skipuleggjendum gleðinnar. Að sögn Pálfríðar mætti megnið af bæjarbúum en

einnig voru gestir að sunnan og úr öðrum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar.

„Maturinn kom að þessu sinni frá Hótel Núpi og það var mikil ánægja með hann. Skemmtiatriðin voru heimatilbúin, bæði sungin og leikin, og sagðar voru skemmtisögur af fólki og fyrirtækjum í bænum. Þá lék hljómsveitin Sólon fyrir dansi og það

var mikið fjör langt fram eftir nóttu.“

Vetrargleði Flateyringa hefur frá árinu 1935 heitið Stútungur en heitið er sótt í nafnasjóð fiskanna, en það er þorskurinn kallaður þegar hann er fullvaxinn. Páll Ónundarson var á vetrargleðinni og tók þar meðfylgjandi myndir.

– asta@bb.is



KJARNAFÆÐI



Sérvalda saltkjötið frá Kjarnafæði

Heimsklassa hráefni

Yfirmatreiðslumaður Strikið veitingastaður.

Róbert Hasler



Stofnað
1985

SÉRVALIÐ SALTKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI
SÉRVALIÐ FYRIR ÞIG



Thelma Rut Jóhannsdóttir. Ljósmynd: Benedikt Hermannsson.

Keppir á heimsmeistaramóti unglunga á Ítalíu

Ísfirski skíðakonan Thelma Rut Jóhannsdóttir keppir á heimsmeistaramóti unglunga sem fram fer í Roccaraso á Ítalíu í lok febrúar, að því er frá greinir á vef Skíðafélags Ísfirðinga. Áður en Thelma heldur til Ítalíu fer hún til Noregs þar sem hún mun keppa á nokkrum mótum. Eins og áður hefur verið greint frá var Thelma valinn íþróttamaður Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2011. Thelma vann til fjölmagra verðlauna í sínum aldursflokki árið 2011 sem og í fullorðinsflokki, en hún varð t.d. bikarmeistari SKÍ í flokki 15-16 ára á síðasta ári. — *asta@bb.is*

Spurningin

Telur þú að þörf sé á að breyta fyrirkomulagi lífeyris-sjóða landsins?

Alls svöruðu 646. Já sögðu 604 eða 94% Nei sögðu 42 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á *bb.is* og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðvestlæg átt og víða él, en snýst í hvassa norðaustanátt með snjókomu fyrir norðan um kvöldið.

Horfur á laugardag: Norðanátt með snjókomu norðan- og austantil, en annars yfirleitt léttskýjað.

Horfur á sunnudag: Útlit fyrir hægán vind og bjartviðri með köflum.

Óskuðu ekki eftir flutningi

Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Olíudreifingar ehf., segir fyrirtækið vera að skoða uppbyggingu olíubirgðastöðvar á núverandi stað á Ísafirði í stað flutnings á svæðið norðan við Mávagarð þar sem Ísafjarðarbær lét útbúa svæði fyrir fyrirtækið.

„Við höfum aldrei óskað eftir því að stöðin yrði flutt þangað, sú ósk kom frá Ísafjarðarbæ. Bæringinn óskaði eftir því, fyrir einhverjum árum síðan, að við myndum flytja og að þeir ætluðu að taka þátt í kostnaðinum með okkur, en þeir eru ekki tilbúnir til þess lengur. Við höfum sagt að við gætum komið til móts við bæninginn með því að byggja okkur upp þar sem við erum og verið þar næstu 10-15 árin og þá flutt okkur, en kostnaðurinn við að flytja í dag yrði mjög mikill. Við eigum 46 ár eftir af megninu af lóðarleigusamningum okkar við Suðurgötuna og okkur líður ágætlega þar,“ segir Hörður.



Olíubirgðastöð Olíudreifingar á Ísafirði.

Olíudreifingin verður að fara í umtalsverðar umbætur á stöðinni verði hún áfram við Suðurgötu en undanþága frá starfsleyfi Umhverfisstofnunar rennur út í júlí. „Þetta mál hefur allt saman verið hálf vandræðalegt. Við hefðum tekið þessa birgðastöð í gegn, eins og allar hinar 27 birgðastöðvar okkar, ef ekki hefði verið

þessi beiðni frá Ísafjarðarbæ um að við myndum færa okkur. Við höfum ekki áhuga á að reka stöð sem er ekki í lagi, þannig gerum við ekki hlutina.“

Að sögn Harðar sótti fyrirtækið um að fara yfir á Sundahöfn en því hafi verið hafnað af hálfu sveitarfélagsins. „Ef við eigum að fá kostnaðinn til baka við flutninga á stöðinni, þá verðum

við að fá hafnaraðstæður sem fullnægja ákveðinni skipastærð,“ segir Hörður og bætir við að aðstæður yrðu betri við Mávagarð en þar sem fyrirtækið er núna en ekki eins góðar og þær yrðu við Sundahöfn, m.t.t. skipastærða. „Við leysum þetta mál, okkar hugur stendur ekki til þess að flytja frá sveitarfélaginu.“

— *asta@bb.is*

Leikskólastjórum heimilt að loka leikskólum

Leikskólastjórum á Ísafirði er heimilt, í samráði við sviðsstjóra skóla- og tímstundasviðs sveitarfélagsins, að loka leikskólunum ef kennslu í Grunnskólanum á Ísafirði hefur verið aflýst vegna veðurs og viðvörun verið gefin út af almannavörnum. Þetta kemur fram í verklagsreglum sem

auglýstar hafa verið á vef leikskólanna Eyrarskjóls og Sólborgar á Ísafirði. Leikskólastjórar í öðrum byggðarkjörnum sveitarfélagsins taka ákvarðanir í samráði við sviðsstjóra, óháð öðrum leikskólum og skal þá miðað við

aðstæður hverju sinni á hverju stað.

Leikskólunum tveimur á Ísafirði er skylt að hafa samráð vegna lokana og ekki verður heimilt að loka aðeins öðrum skólanum. Ef veður versnar hins vegar síðla dags eiga leikskóla-

stjórar að hafa samband við sviðsstjóra skóla- og tómsunda-sviðs sem aftur hefur samband við lögreglu og almannavarnir. Ef almannavarnir gefa út viðvörum er leikskólastjórum heimilt að hringja í foreldra og óska eftir því að þeir sækji börn sín.

Ritstjórnargrein

Framboð og eftirspurn

Þrennar kosningar sem almenningur lætur sig varða með mismunandi hætti blasa við. Á þessu ári kosning biskups og forseta; þingkosningar á því næsta, ef til vill fyrr. Framboð á biskupsefnum er með meira móti en almennt gerist. Biskupsefnin jafna fjölda handboltaliðs, og ekki öll nótt úti. Útlit er fyrir að pólitíska flóran verði skrautlegri en nokkru sinni fyrr. Víst má telja að þegar dregið verður í dilka að loknum þingkosningum sitji margir eftir í almenningnum, hafandi ekki haft erindi sem erfiði. Höfð í huga sú takmarkaða virðing sem í dag er almennt borin er fyrir þjóðþinginu, vekur athygli hversu mikil eftirsóknin eftir jobbinu við Austurvöll er; það fýsir augljóslega marga að komast í sandkassaleikinn, sem þar er sagður í hávegum, ómaklega að margra mati.

Aðeins 492 Íslendingar eru kjörgengir til biskupskjörs. Á ný-afstöðnu kirkjuþingi viðraði Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings, þá skoðun sína að allt þjóðkirkjufólk ætti að njóta kosningaréttar til biskupskjörs. Pétur kvað brýnasta verkefni kirkjunnar vera að endurheimta traust og trúnað, að ná til þess fjölda fólks sem einhverra hluta vegna teldi sig ekki eiga vegferð með henni. Er ekki leiðin sem Pétur bendir á, með kjörgengi alls þjóðkirkjufólks, ein af þeim leiðum sem líklegar eru til sáttar? Víst má telja að almenningur vilji hafa hönd í bagga með val á biskupi. Það felst ekkert réttlæti í því, að aðeins það fólk sem tengjast kirkjunni með störfum sínum, beint eða

óbeint, eigi að ráða hver verður biskup. Með fullri virðingu fyrir þessu fólki: Er það eitthvað rétt hærra eða til þess bærara að velja þjóðinni biskup, en hinn almenni þjóðkirkjuþegn?

Um fátt er meira rætt um þessar mundir en forsetakosningarnar á næsta ári. Um stöðu sína til frekari embættisverka sagði forsetinn í áramótaávarpi sínu: „Niðurstaðan kann að hljóma eins og þversögn en er engu að síður sú að aðstæður þjóðarinnar séu þess eðlis að ég geti fremur orðið að liði ef val á verkefnum verður eingöngu háð mínum eigin vilja, óbundið af þeim skorðum sem embætti forsetans setur jafnan orðum og athöfnum.“ Flestir töldu að þar með lægi málið ljóst fyrir. Sú hefur aldeilis ekki orðið raunin. Og þrátt fyrir ótal áskoranir hefur forsetinn kosið að segja hvorki af eða á, já eðas nei! Ætlar hann að bjóða sig fram á ný eða ekki? Ætlar hann að láta sem ekkert sé um endanlega afstöðu sína þar til daginn fyrir að framboðsfrestur rennur út? Spurning af þessu tagi er með öllu óháð afstöðu til framboðs Ólafs Ragnars Grímssonar, eða hvernig hann hefur rækt skyldur sínar sem forseti. Forsetinn getur einfaldlega ekki beðið fram á síðustu stundu með að tjá þjóðinni hvað hann ætlar sér. Það sæmir ekki embætti hans. Hann verður að taka af skar-ið!

Stutturð tilkynning frá skrifstofu forsetans nægir til að taka af vaf-ann. *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, *asta@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 16. - 19. febrúar

samkaupurval.is

Ódýrt

~~1.495~~

1.196 kr/kg

Úrvals lambalæri

úr kjötborði eða pakkað ferskt

Gæða kaup!

~~3.595~~

3.236 kr/kg

Úrvals lambafilé með fitu

úr kjötborði eða pakkað ferskt

Úrvals lambasaltkjöt

úr kjötborði eða pakkað ferskt

~~498~~ Ódýrt 448 kr/kg

25% afsláttur

~~649~~

487 kr/kg

Tex Mex kjúklingavængir

frá Ísfugli

24% afsláttur

~~389~~

296 kr/pk

Stór bláber 250g

fryst fersk, frá Coop

Úrvals lambainnralæri

úr kjötborði eða pakkað ferskt

~~2.998~~ Gæða kaup! 2.698 kr/kg

Góð kaup!

~~599~~

499 kr/pk

Ávaxtablöndur/Smoothie

600g, frá Coop

Jonagold epli

~~219~~ 50% afsláttur 110 kr/kg

...sjá fleiri tilboð á samkaupurval.is

**„Veturinn hér er mjög mildur.
Það er mun kaldara hjá okkur.
Reyndar er loftslagið hér svipað því
Murmansk er við hafið og við fáum
Golfstrauminn til okkar. En það sem
mér finnst stórkostlegt hér á Ísafirði
er hvað stjórnunar sjást vel.“**

HRT10/CMM17

Nýlega fór fram námskeiðið HRT10/CMM17, eða Hafréttur, við Háskólasetur Vestfjarða. Það er hluti af tveimur alþjóðlegum meistaranámsbrautum, annars vegar Heimskautarétti sem er kenndur á Akureyri og svo Haf- og strandveiðistjórnun sem er kennd hér fyrir vestan. BB spjallaði við Irinu Zhilina sem var einn nemendanna á námskeiðinu.

Murmansk og Akureyri

„Ég er frá Murmansk í Rússlandi en fluttist til Akureyrar síðastliðið haust til að fara í M.A. nám í heimskautarétti. Áður hafði ég klárað nám í alþjóðasamskiptum í Rússlandi. Lokaritgerðin mín þar fjallaði að hluta um stjórnmál og norðurheimskautið og það kveikti áhuga minn á heimskautarétti. Mér fannst líka nauðsynlegt að skipta um umhverfi og upplifa önnur lönd eftir að hafa lært alþjóðasamskipti. Þegar ég sá kynningu á þessu námi á netinu var það aldrei spurning um að fara. Ekki skemmdi fyrir að Akureyri og Murmansk eru vinabærir.“

Að sögn Irinu er heimsskautaréttur mjög víðtækt nám. „Já, það snertir á ansi mörgu. Spannar allt frá lögfræði, eins og til dæmis réttindum innfæddra, yfir í hagfræði og þróun svæða og þaðan yfir í staðbundna menningu. Við erum 14 í bekknum og kennararnir vilja meina að við séum draumahópur fyrir svona nám. En við komum frá Rússlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Finnlandi, Þýskalandi, Kamerún, Kína og svo auðvitað Íslandi.“

Námskeiðið HRT10/CMM17 varir í alls 3 vikur. Tvær vikur eru kenndar á Akureyri og ein á Ísafirði. Kennarinn er frá Tromsø í Noregi. En hvað tekur við hjá fólki þegar það lýkur námi í

heimskautarétti? „Það er mjög misjafnt og því er erfitt að svara þessu. Sjálf vildi ég gjarnan vera tengd einhverri vísindastofnun og fá tækifæri til að gera rannsóknir á norðurskautinu. Ég hef mikinn áhuga á bæði menningunni og náttúrunni á svæðinu og vona að ég fái tækifæri til að skoða hvort tveggja betur. Það væri fínt til að vera í aðstöðu til að geta ferðast svolítið.“

Mildur vetur

- Hvernig er lífið í Murmansk?
„Murmansk er mjög iðnvædd borg og „sovéskur“ arkitektúr áberandi. Það búa 300 þúsund manns í borginni og flestir vinna við störf tengd sjávarútvegi eða fyrir herinn. Við gerum okkur grein fyrir að borgin hefur ekki sérlega góða ímynd í öðrum löndum og það er stöðugt unnið að því að laga hana. Áður var þarna ekkert nema herinn og járnþjaldið en þetta hefur breyst. Það er töluverður samgangur við Noreg, Svíþjóð og Finnland enda eru þessi lönd tiltölulega stutt frá okkur. Sjálf fór ég sem skiptinemi í eina önn til Noregs og það er algengt að Norðmenn komi til Murmansk til að læra rússnesku.“

Aðspurð segist Irina kunna vel við sig á Ísafirði þótt henni þyki bærinn nokkuð smár í sniðum.

„En ég kann vel við þögnina og rólegheitin. Og veturinn hér er mjög mildur. Það er mun kaldara hjá okkur. Reyndar er loftslagið hér svipað því Murmansk er við hafið og við fáum Golfstrauminn til okkar. En það sem mér finnst stórkostlegt hér á Ísafirði er hvað stjórnunar sjást vel. Mengunin er talsvert meiri í Murmansk og maður sér ekki svona vel upp í himininn,“ segir Irina að lokum.

- *Huldar Breiðfjörð.*



Ræðst gegn verkjum



Paratabs®

– Öflugur verkjabani!

Notkunarvið: Paratabs inniheldur virka efnið paracetamol - 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf, m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum influensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda paracetamol. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstgjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamol skilst út í brjóstamjólk en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamol þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. September 2011.

 **actavis**



Grunnvíkingar blótuðu þorra

Hátt í hundrað manns sóttu þorrablót Grunnvíkingafélagsins sem haldið var í félagsheimilinu í Bolungarvík á laugardag. „Þetta heppnaðist mjög vel og það var virkilega gaman,“ segir Matthildur Guðmundsdóttir sem sat í skemmtinefnd. Að venju var boðið upp á heimatilbúin skemmtiatriði og að kenndi þar ýmissa grasa. „Við tókum fyrir sitt lítið

af hverju. Við minntum á Flæðar-eyrarhátíðina sem verður í sumar og ýmislegt annað,“ segir Matthildur. Gestir komu með vel útlátin trog að heiman og að borðhaldi loknu var dansað fram á nótt.

Þá vakti athygli að á blótinu var til sýnis forlata kú sem smíðuð var fyrir þorrablót Grunnvíkinga fyrir nokkrum árum. „Kúin

kom í heimsókn og ég held að allir hafi verið mjög glaðir að sjá hana aftur,“ segir Matthildur og hlær. „Það eru margir sem muna eftir atriðinu þar sem kúin kom fyrir og hafa minnst þess af og til og því var gaman að fá hana í heimsókn.“ Félagið var stofnað fyrir rúmlega hálfri öld síðan og frá upphafi verið haldin árshátíð eða þorrablót árlega.



ÉG ER Weetos®

ÖG INNIHELD ENNÞÁ
MINNI SYKUR EN ANNAÐ
SÜKKULAÐIMORGUNKORN



HEILKORNA



D-VÍTAMÍN



LÍTIÐ
SALT



ÁN ALLRA
LITAREFNA

Guðrún Valgeirsdóttir er sjötta barn foreldra sinna í níu systkina hópi. Sjálf á hún átta börn, 23 barnabörn og níu langömmubörn. Blaðamaður BB heimsótti Guðrúnu og fékk að heyra hvað á daga hennar hefur drifið á meðan hann raðaði í sig kleinum og drakk besta kaffi sem hann hefur fengið á Vestfjörðum.

„Ég er orðin mjög rík“

Sjötta barnið

„Ég er fædd á Gemlufalli í Dýrafirði, í ágúst 1934. Foreldrar mínir voru Ingibjörg Margrét Guðmundsdóttir og Valgeir Jónsson. Við vorum níu systkinin og fæddumst öll á bænum, fimm dætur og fjórir synir. Ég var sjötta barnið en það hagaði þannig til að þegar móðir mín átti von á sjöunda barninu bauðst vinkona hennar til að taka mig í pössun á næsta bæ, Lækjarósi. Þegar ég fór þangað var ég að verða tveggja ára gömul. Þar bjuggu hjónin Hagalín Guðmundsson og Magnæa Jónsdóttir. Ég átti bara að vera hjá þeim um stundarsakir en fór aldrei heim aftur heldur varð fósturdóttir þeirra,“ segir Guðrún.

„Þegar ég er að verða átta ára ákváðu þau Hagalín og Magnæa að kaupa jörðina Hraun á Ingjalaldssandi. Mér var gefin kostur á að snúa aftur heim en þá var ég bæði spennt fyrir ferðinni sem var framundan og fannst þau Hagalín og Magnæa vera meira mínir foreldrar. Á Hrauni var gott að eiga heima og þar átti ég sex fóstursystkini. Því var oft líf og fjör í tuskunum. Ég lærði að vinna og hef alltaf haft nóg að gera. Skólaganga var ekki löng. Ég byrjaði tíu ára og var þrettán ára þegar skólagöngunni lauk.“

Ísafjörður

Þegar Guðrún var að verða 19 ára fór hún sem kaupakona í Borgarfjörð og fósturbroðir hennar fór á annan bæ í grenndinni.

„Við komum svo aftur vestur um haustið því við vildum fá að fara í göngurnar heima. Við flugum hingað vestur frá Reykjavík með lítilli flugvél sem tók fimm manns. Hún lenti á Pollinum og skíðaði upp í fjöru. Þetta var í fyrsta skipti sem ég kom á Ísafjörð og ég man hvað mér fannst fjöllin hér há þegar vélin flaug yfir þau. Þá hvíslaði ég að bróður mínum að hér ætlaði ég aldrei að eiga heima. Þetta væri eins og að grafa mann lifandi. Hér hef ég búið síðan, eða í 59 ár,“ segir Guðrún og brosir.

„Mamma fékk vinnu fyrir mig á Gamla sjúkrahúsinu og ég hóf

störf þar í september þetta haust. Við stelpurnar bjuggum á efstu hæðinni, tvær og þrjár í herbergi. Vinnan fólst aðallega í því að strauja þvott af herbergjunum. Kaupið var lágt, aðeins 500 krónur á mánuði. Síðar vorum við hækkaðar upp í 700 krónur. Við reyndum að láta það duga og fórum ekki mikið út að skemmta okkur. En það varð auðvitað uppi fótur og fít þegar togarnir voru í landi og þá voru haldin böll. Það var frítt inn á þau fyrir dömur. En reglurnar voru strangar og við áttum að skila okkur hálf tíma eftir að ballið var búið. Við reyndum að gera það.“

Fjölskyldan

Guðrún kynntist manningnum sínum, Matthíasi Vilhjálmssyni, þegar hann kom frá Reykjavík til Ísafjarðar í jólafrí.

„Þetta var 1953. Pabbi hans og bræður bjuggu hér og hann kom til að heimsækja þá. Við hittumst nú bara eftir ball. Ég var að labba heim ásamt vinkonu minni þegar hann og vinur hans gáfu sig á tal við okkur. Ég kærði mig nú ekkert um þetta í upphafi en hann fór aldrei suður aftur,“ segir Guðrún og brosir.

„Þegar ég átti von á mínu fyrsta barni hætti ég á sjúkrahúsinu. Pabbi og bræður Matthíasar bjuggu í húsi á Urðarveginum og vildu að við útbyggjum íbúð á neðri hæðinni. Þetta var lítið pláss en í þessari tveggja herbergja íbúð bjuggum við næstu tíu árin og vorum á tímabili með sjö börn. Maðurinn minn vann mikið, var hjá Norðurtanga á daginn og tók á móti bátunum á kvöldin. Stundum hjálpaði hann við slægingu á nóttunni. En síðustu árin var hann verkstjóri hjá Norðurtanga.“

Alls eignuðust Guðrún og Matthías fimm dætur og þrjá syni á sextán árum.

„Auðvitað var þetta ekki fyrir einn mann að vinna fyrir þessu öllu. En hann komst bara einn út að vinna. Ég gat ekki tekið börnin með mér. En ég reyndi að drýgja tekjurnar með því að hnýta net og tauma. Sat oft á kvöldin þegar orðið var hljótt. Inni á herbergi

höfðum við komið fyrir röri á veggnum sem ég gat krækt netunum í. Stundum var ég líka að hjálpa fólki við að gera hreint,“ segir Guðrún.

„Manninum mínum langaði alltaf að stækka við sig húsnæðið því þetta var svo stór fjölskylda. Svo bauðst honum að kaupa eitt af þremur raðhúsum sem átti að fara að byggja á Urðarveginum. Þegar við fluttum var húsið fullklárað að utan en einn geimur að innan. Það var gott að komast í þetta hús en þá var reyndar helmingurinn af börnunum farinn að heiman. Við vorum sex manna fjölskylda þarna. Maðurinn minn fékk oft að heyra það. Hann var spurður hversvegna hann hefði ekki byrjað að byggja sér stærra húsnæði fyrir en helmingurinn af börnunum var farinn að heiman, en svaraði þá: „Ég hefði þurft að byggja félagshemili.“ Þegar hann var spurður hversvegna hann hefði ekki keypt sér bíl fyrir en eftir rúmlega tuttugu ára sambúð, svaraði hann: „Það gekk bara ekki upp, við vorum svo mörg að ég hefði þurft að kaupa mér rútu.“ Hann var gamansamur og fljótur að svara fyrir sig.“

Að vestan

- Hvernig var að vera með átta börn í heimili?

„Ég var alltaf heima og mér fannst það ekki erfitt. Það sem bjargaði okkur var að maðurinn minn átti kindur. Þar áttum við kjöt nærri allt árið. Svo voru karlarnir að koma í land og það var yfirleitt hægt að fá fisk í soðið. Við ræktuðum líka kartöflur þar til yngsta barnið okkar fór að heiman. Ég reyndi auðvitað að gera eins mikið sjálf og ég gat, bæði þrjóna og sauma. Fósturmóðir mín sendi mér líka margt á krakkana, einjolinu komu náttföt á allan hópinn.“

- En gerðirðu nokkuð annað en að elda og þrifa?

„Nei, það er nefnilega það, þegar maður er í litlu húsnæði er ekki eins mikið að þrifa. En ég var alltaf að þvo og það hékk stöðugt þvottur úti á snúru. Ég var heima í fjórtán ár. Ekki fór ég að setja þetta á dagheimili. Ég

segi stundum að ég hafi fengið lengsta fæðingarorlof sem nokkur kona hafi fengið. Ég fór ekki að vinna úti fyrr en elsta dóttir mín var fjórtán ára. Hinsvegar þakka ég fyrir það að mín börn voru afskaplega heilsuhaust og fóru eiginlega aldrei inn á sjúkrahús. Það hefur stundum verið sagt við mig að ég eigi dugleg börn og það sé gott að hafa þau í vinnu. Þá svara ég bara að þau séu líka að vestan. Móðir mín var orðin níræð þegar hún fór fyrst inn á sjúkrahús enda sveitabarn sem borðaði allan mat sem á að vera hættulegur. Hún varð bara aldrei veik þótt hún væri búin að eiga öll þessi börn,“ segir Guðrún.

„Í dag á ég 23 barnabörn og svo á ég líka níu langömmubörn. Ég er orðin mjög rík. Þetta er orðin stór fjölskylda sem vert er að þakka fyrir.“

34 ár í rækjunni

Árið 1969 hóf Guðrún störf hjá Rækjuverksmiðjunni O.N. Olsen.

„Þá byrjaði ég á kvöldvöktum. En það var aldrei rækja á sumrin og þá vann ég við ræstingar á hótelinu sem var rekið í menntaskólanum. Fyrsti verkstjóri minn í rækjuverksmiðjunni var Magnúsína Olsen og það var gott að vinna þarna. Þetta var mjög samstillt fólk og eins og ein fjölskylda. Ég vann í rækjunni í 34 ár og á þeim tíma var ég hjá 5 fyrirtækjum sem öll urðu gjaldþrota. En ég kom alltaf aftur. Eitt sinn sagði vinur minn sem var verkstjóri í móttökunni: „Gunn, leiðist þér aldrei að mæta hingað í vinnu. Þú ert búin að vera hér svo lengi?“ En mér leið alltaf vel þarna og hlakkaði alltaf að mæta til vinnu,“ segir Guðrún.

„En ég hætti þegar ég var 69 ára. Ég vildi ekki að mér yrði sagt upp eins og er gert þegar fólk tekur að nálgast sjötugt. Frekar vildi ég hætta sjálf. Og þá fór ég að fá bætur. Maðurinn minn var fallinn frá, ég seldi húsið á Urðarvegi sem var skuldlaust og flutti hingað í Sundstræti.“

- Hvernig var að hætta að

vinna?

„Ég passaði mig á að fara ekki niðureftir. Ég hefði örugglega byrjað aftur. Það eru að verða níu ár síðan ég hætti að vinna og ég held að ég hafi komið tvisvar þarna síðan. En þetta var náttúrulega eins og að vera komin í endalaust sumarfrí. Það var verst að læra að sofa aftur. Í rækjunni byrjuðum við oft á nóttunni og ég var orðin von að vakna snemma.“

Á bíl

Eiginmaður Guðrúnar féll frá árið 1999.

„Já, ég sá aldrei fyrir að ég yrði svona lengi ein, nú eru komin 13 ár. En ég á marga góða vini hér í bæ og fæ mikið af heimsóknum. Ég er líka svo heppin að þrjú af börnunum mínum og fjölskyldur þeirra búa hér á Ísafirði. Fjögur barnanna eru fyrir sunnan og ein dóttir mín hefur búið í Danmörku í 17 ár.“

- Finnst þér mikill munur á mannlífinu hér í dag og áður fyrr?

„Já, mér finnst sorglegt hvernig þetta hefur þróast. Það voru fjórar rækjuverksmiðjur á Ísafirði en nú er bara ein. Hér var líka frystihús með næstum hundrað manns í vinnu, Norðurtanginn og Íshúsfélagið. Þetta er allt horfið sem er skelfilegt. En áður fyrr átti fólk ekki svona mikið af bílum eins og í dag. Núna hoppa fólk inn í bíl, skýst eitthvað og svo heim aftur. Áður fyrr var fólk meira gangandi. Maður gekk alltaf út í Hnífsdal. Sjálf tók ég bílpróf 1974 og á minn eigin bíl. Það hefur reynt mér afskaplega vel að geta keyrt og ég get farið hvert sem ég vil.“

Reykjavík

- Skreppurðu stundum suður?

„Já, ég er búin að flakka svolítið suður því ég hef verið hjá augnlækni. Ég flýg oftast næst. Það er gott að hitta börnin fyrir sunnan en annars líkar mér ekki vel að vera í Reykjavík. Mér finnst ég öll í lausu lofti og hlakka alltaf til að koma hingað aftur. Áður fyrr var það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom suður að



panta flugmiða til baka vestur.“
- Svo að þú spókar þig ekki í Kringlunni eða skoðar mannlíf-
ið?

„Þegar ég var að vinna í rækju-
verksmiðjunni fórum við stund-
um suður í leikhúsförðir. Í einni
slíkri ferð fórum við maðurinn
minn í Kringluna. En það var
svo mikill ys og þys og þarna.
Hann tók veskið og rétti mér en
settist sjálfur niður til að fá sér
kaffi og sagði: „Komdu svo bara
Gunná mín þegar þú ert búin,“
rifjar Guðrún upp og hlær.

Aðspurð hvað hún geri í
frístundum, svarar Guðrún:

„Ég gat setið tímunum saman
og þrjónað en það hefur heldur
minnkað. Og ég er orðin latari
við að baka en áður. Ég horfi
alltaf á Útsvar, það er skemmti-
legur þáttur. Landinn er líka góð-
ur og svo Jón Ársæll. Þeir eru
auðvitað misjafnir þessi kauðar
sem koma fram hjá honum en
sjálfur er Jón Ársæll alltaf góð-
ur.“

- Lestu mikið?



„Já, ég les töluvert, sérstaklega
blöðin. Nú er ég að lesa sálfræð-
inginn Hugo. Þótt ég sé búin að
ala upp mörg börn vildi ég vita

hvað hann segði. Og hann er
nokkuð á mínu máli. Maður á
aldrei að taka hart á börnum ef
þau gera eitthvað af sér. Sjálf var
ég þakkari og fékk oft að heyra
það. En maður á að tala vel við
börn og umfram allt hlusta á þau.“

Hver leysti hann?

Þjóðmálin færast í tal og næstu
forsetakosningar.

„Ég er ánægð með Ólaf Ragnar
Grímsson og gæti vel hugsað mér
að hann yrði eitt tímabil í viðbót.
Hann er Ísfirðingur en hann var
tvo vetur á Þingeyri í kringum
tólf ára aldur, þá var ég að vinna
þar. Hann er snarvel gefinn og
víst að Dandrottning getur verið
í 40 ár hlýtur hann að geta setið
eitt tímabil til viðbótar. Það kost-
ar líka pening að kjósa.“

- Sumir kvarta yfir að hann sé
hégómlegur og upptekinn af
sjálfum sér. Þú tekur ekki undir
það?

„Nei, allavega tekur hann í
hendina á mér. Einhverju sinni
þegar hann var á ferðalagi herna
rakst ég á hann á göngu. Þá bauð
hann góðan dag og heilsaði
kumpánlega. En einu sinni þegar
þeir áttu leið hér um, Davíð Odds-
son og fleiri, benti einhver á bláa
húsið í Túngötunni og sagði að
þarna hefði Ólafur Ragnar alist
upp og oft verið bundinn við
staur svo hann hlypi ekki út úr
garðinum. Þá á Davíð að hafa
spurt: „Og hver leysti hann?“
segir Guðrún og skellihlær.

- Hvernig líst þér á ríkisstjórn-
ina?

„Ég er í engum flokki. Þegar
líður að kosningum hlusta ég á
það sem fólk hefur að segja og
kys svo óháð flokkum. Það er oft
verið að setja út á ríkisstjórnina
en þær eru fáar sem hafa þurft að
berjast eins og hún þessi. Annars
er ég bara í einu félagi og nýt
góðs af því enn í dag. Ég er
nefnilega í verkafélögunu og
um jólin fáum við alltaf senda

gjöf frá þeim. Ég er auðvitað
löngu hætt að borga í þetta félag
og veit ekki hvað þetta á að ganga
lengi.“

Útsýnið frá Sundstræti

Talið berst að veðrinu og
aðspurð hvernig myrkrið og
snjórinn fari í hana, svarar Guð-
rún:

„Það var miklu snjóþyngra
þegar ég átti heima á Urðarveg-
inum. Annars var nú hvað sér-
stakast við að búa þar að það
bjuggu alltaf sýslumenn á móti
okkur. Maður gat því ekki gert
mikið af sér. Ekki að ég sé mikið
gefin fyrir það.“

- En þú finnur ekki fyrir því
þegar sólin er í hvarfi á bakvið
fjöllin?

„Nei, annars er ég ekki mikið
fyrir sól eða sólarstrendur. Ég
hef þó farið til London og Dan-
merkur til að heimsækja dóttur
mína. Mér finnst allt í lagi að
fljúga en aldrei líkað að ferðast
mikið á sjó. Því hef ég ekki komið
út í Vigur eða á Hornstrandir.“

Guðrún stendur upp og byrjar
að laga kaffi upp á gamla mátann.
Henni verður litið út um glugg-
ann:

„Það tók lengstan tíma hér á
Sundstrætinu að venjast útsýn-
inu. Ég sá yfir allt á Urðarveg-
inum. En hér sé ég flugvélarnar
koma inn til landingar og bið þá
alltaf guð að vera með fólkinu í
vélinni.“

- Þú trúir á guð?

„Já, ég hef aldrei séð drauga
og efast um að álfar séu til. Þó er
möguleiki að eitthvað sé til í því.
En ég er trúuð kona. Það er aðeins
einn sem ræður. Þegar börnin
eru að fara suður bið ég alltaf
algóðan guð að vera með þeim
svo allt gangi vel. Ég hefði reynd-
ar viljað endað þetta viðtal þann-
ig. Það er aðeins einn sem ræður,
“ segir Guðrún og heldur áfram
að laga kaffi.

- Huldur Breiðfjörð.

Hvíldu þig vel fyrir brottför
og geymdu bílinn frítt hjá okkur

KEFLAVÍK
Icelandair Hotels

Þú getur sparað tíma,
fyrirhöfn og peninga með
því að gista á Icelandair
hótel í Keflavík kvöldið
áður en ferðalagið hefst.

Verð fyrir tveggja manna herbergi
16.700 kr.

Innfalið í verði er:

- Morgunverður frá kl. 5-10
- Stæði í bilageymslu í allt að þrjár vikur
- Tjöru- og salthreinsun á bílnum við komu
- Akstur á flugvöllinn

Meiri þægindi, minni áhyggjur.

Icelandair hótel í Keflavík, Hafnargata 57, Keflavík
Nánari upplýsingar og bókanir: www.icelandairhotels.is eða í síma 421 5222

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

REYKJAVÍK NATURA REYKJAVÍK MARINA Í KEFLAVÍK FLÚÐIR KLAUSTUR HÉRAÐ AKUREYRI HAMAR

**Skýrr, HugurAx og
norræn dótturfyrirtæki
sækja fram
undir nýju nafni:**

advania

Í tvö ár höfum við unnið að því að sameina og samþætta starfsemi Skýrr og dótturfélaga hér heima og á Norðurlöndunum. Lokahnykkurinn er nýtt nafn – **Advania** – sem er dregið af enska orðinu „Advantage“ og þýðir forskot.

Advania er eitt af öflugustu fyrirtækjunum í upplýsingatækni á Norðurlöndum, með um 1.100 starfsmenn, 20 starfsstöðvar í fjórum löndum og 110 þúsund viðskiptavinum um allan heim. Verkefni okkar spanna öll svið upplýsingatækni; hugbúnað, vélbúnað, hýsingu og rekstrarþjónustu.

Við munum halda áfram að vaxa og skapa viðskiptavinum okkar forskot á sínum vettvangi með traustri þjónustu og skapandi lausnum.

Við ætlum að standa undir nafni.



advania

Welcome to IT



Metþátttaka á þorrablóti Súgfirðinga í Reykjavík

Metþátttaka var á þorrablóti Súgfirðinga í Reykjavík sem haldið var á föstudag í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík, en um 152 manns mættu á blótið að þessu

sinni. „Blótið gekk mjög vel og það hafa aldrei mætt svona margir frá því að brottfluttur Súgfirðingar fóru að halda þorrablót í Reykjavík,“ segir Björn Guð-

björnsson, formaður Súgfirðingafélagsins í Reykjavík. Rakel Garðarsdóttir var veislustjóri, Rakel Sveinsdóttir fór með minni karla og Þórður Jóhannesson með minni kvenna. Fjölmargir gesta tróðu upp og sögðu gamansögur, þeirra á meðal var leikarinn Víkingur Kristjánsson og gerði hann óspart grín af bjórmenningu Íslendinga.

Hljómsveitin Benni Sig og Express héldu uppi fjörinu langt fram eftir nóttu. „Það er ekki spurning að þeir hafi trekt að en fólk mundi vel eftir þeim frá því á Sæluhelginni á Suðureyri í fyrra en þeir voru rosalega góðir þar. Það var fullt dansgólfið allan tímann. Hljómsveitin byrjaði að spila léttu harmónikku tónlist fyrir eldra fólk, en þarna var fólk um áttætt sem fór á dansgólfið og tók snúninginn. Þegar líða fór á kvöldið tók yngri kynslóðin við dansgólfinu og dansaði langt fram eftir nóttu.“

Súgfirðingurinn Egill Ibsen var á blótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

– asta@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOD

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Ferðaþjónusta fatlaðra, Ísafjarðarbæ 2012-2016.“

Útboðsgögn verða afhent hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðum skal skila inn til tæknideildar Ísafjarðarbæjar eigi síðar en þriðjudaginn 6. mars kl. 11:00 og verða þau opnuð sama dag kl. 11:10 að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Stundvísi eykst í GÍ

Stundvísi á meðal nemenda í Grunnskólanum á Ísafirði hefur aukist á undanförunum árum og reyndar það mikið að hægt er að tala um stórstígar framfarir. Árið 2009 voru seinkomur í byrjun skóladags 8,2% en árið síðar voru þær 7%. Á síðasta ári hækkaði þeim mikið eða niður í 1,6%. Á síðasta ári var hafist handa við að skrá einnig seinkomur á öðrum tímum skóladagsins. Í september voru seinkomur á öðrum tímum skóladagsins 3,9%, 2,6% í október og 1,5% í nóvember.

„Við erum himinlifandi með þessar framfarir og þökkum þær samstilltu átaki heimila og skól-

ans,“ segir í fréttabréfi skólans.

Þar segir einnig að skólayfirvöld eigi hinsvegar enn í basli með fjarvistir nemenda en þar hefur ekki náðst viðunandi árangur. „Ef fjarvistir koma fyrir hjá nemendum á yngsta- eða miðstigi eiga þær sér yfirleitt skýringar í því að öll fjölskyldan hefur sofði yfir sig eða nemandi gleymt sér rækilega á leið sinni í skólann. Þetta eru algjör frávik. Það eru hinsvegar fjarvistir unglunga sem eru af allt öðrum toga, þeir taka stundum hreinlega þá ákvörðun að mæta ekki í skólann.“

Í nóvember voru 6% nemenda á unglingastigi sem ekki mættu í

kennslustundir án viðhlítandi skýringa. „Það er freistandi að draga þá ályktun að við höfum náð árangri með þá nemendur sem ekki áttu í neinum sérstökum vandræðum en komu bara of seint vegna kæruleysis. Það sama hefur ekki gerst með nemendur sem eru komnir lengra út af beinu brautinni, enda erfiðara við að eiga,“ segir í fréttablaðinu og er bætt við að í þessu máli þurfa allir starfsfólk skólans, nemendur og foreldrar að vinna saman að breyttu viðhorfi svo hægt sé að lækka þær tölur líka. Fréttabréfið má lesa í heild á vef skólans.

– thelma@bb.is



Listamennirnir við listaverkið ásamt Kára Jóhannssyni, eiganda fiskbúðar Sjávarfangs.

Listaverk til sýnis í fiskbúð

Fimm ungir listamenn settu á dögnum upp listaverk í fiskbúð Sjávarfangs á Ísafirði sem verður þar til sýnis næstu vikurnar. Listamennirnir eru einungis fjögurra ára gamlir og listaverkið var unnið í tengslum við verkefni þeirra á deildinni Naust á leikskólanum Sólborg á Ísafirði. Mikil undirbúningsvinna fór í verkið en strákarnir unnu það frá grunni í haust, allt frá því að útvega plötu undir verkið frá því að mála það og leita upplýsinga á netinu. Ýmsir aðilar hjálpuðu þeim þó og kann leikskólinn þeim bestu þakki fyrir. Listamennirnir ungu völdu síðan sýningarstaðinn þar sem þeim þótti hann við hæfi þar sem það tengist sjávarútvegi. Drengirnir eru Bóas Emil Þórðarson, Dagur Atli Guðmundsson, Guðjón Stefánsson, Hjálmar Helgi Jakobsson og Kolmar Örn Baldursson.

Sóknarbörnum á Vestfjörðum fækkaði um 150 milli ára

Sóknarbörnum Þjóðkirkjunnar á Vestfjörðum fækkaði um 150 milli ára. Í Vestfjarðaprófastsdæmi bjuggu 5.487 manns yfir sextán ára aldri 1. desember síðastliðinn og af þeim eru 4.493 skráðir í Þjóðkirkjuna. Nokkuð jöfn skipting er á milli kynja eða 2.314 karla og 2.179 konur. Fjölmennasta sóknin er Ísafjarðar-sókn, sem nú nær yfir allan Skutulsfjörð og Hnífsdal, en þar eru 1.830 sóknarbörn. Þar fjölgaði sóknarbörnum í hinna sameinuðu

sókn þó um 79 milli ára. Næst fjölmennasta sóknin var Hólssókn í Bolungarvík þar sem 555 manns eru skráðir í Þjóðkirkjuna og fækkaði sóknarbörnum um tíu milli ára.

Í Ísafjarðarprestakalli fækkaði skráðum einstaklingum í Þjóðkirkjunni um 79 milli ára og telur það nú 1.834 einstaklinga. Í Bolungarvíkurprestakalli fækkaði um 18 manns en þar eru nú 656 manns. Í Patreksfjarðarprestakalli fækkaði um sex en þar eru nú 427 einstaklingar. Fjöldi sókn-

arbarna í Hólmavíkurprestakalli stóð í stað milli ára og er 476 manns. Í Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalli fækkaði um 11 manns en þar eru nú 319 manns.

Staðarprestakall var sameinað Holtsprestakalli og Þingeyrarprestakalli á síðasta ári en það taldi 248 manns. Í Þingeyrarprestakalli fjölgaði því um sextán manns en um 108 manns í Holtsprestakalli. Í Þingeyrarprestakalli eru nú 256 manns og 255 í Holtsprestakalli. – thelma@bb.is



SÚÐAVÍKURHREPPUR

Auglýsing

um breytingu á skipulagi Súðavíkurhrepps

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. janúar 2012 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er gerð vegna aukinna umsvifa Ferðaþjónustunnar í Heydal í Mjóafirði, vegna stækkunar frístunda- og skógræktarsvæða að Hlíð í Álftafirð og að Hesti í Hestfirði.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillaga að deiliskipulagi í Heydal í Mjóafirði.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. janúar 2012 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi í Heydal skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að gera ráð fyrir hótél/tómstunda- byggingu, 6 gistihúsum, 2 norðurljósahúsum, aðstöðu við laugasvæði og snyrtingu.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi að Hlíð í Álftafirði.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. janúar 2012 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi í Heydal skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að stækka frístunda- og skógræktarsvæði að Hlíð í Álftafirði, fjölgun og stækkun lóða ofan þjóðveggar og þar af leiðandi breytingar á byggingarreitum, breytingar á skilmálum, fækkun og stækkun lóða neðan þjóðveggar og þar af leiðandi breytingar á byggingarreitum, ný tenging að efri hluta byggðar við þjóðveg og breytingar og nánari skilgreining á skjólbeltum ofan þjóðveggar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar ásamt greinargerðum verða til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 1-3, Súðavík, virka dag frá kl. 10:00-12:00 og frá 13:00-15:00 frá og með 13. febrúar til og með 2. apríl 2012.

Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu Súðavíkurhrepps, www.sudavik.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 2. apríl 2012.

Athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu vera skriflegar og berast til skrifstofu Súðavíkurhrepps Grundarstræti 1-3, 420 Súðavík.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillögurnar.

F.h. Súðavíkurhrepps

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri.



Álagningarprósenta fasteignaskatts hækkar um 44% milli ára

Álagningarprósenta fasteignaskatts hækkar um 44% milli ára á Ísafirði sem er mesta hækkunin samanborið við fimmtán stærstu sveitarfélög landsins. Þetta kemur fram könnun verðlagseftirlits ASÍ á breytingum á útsvari og álagningu fasteignagjalda hjá 15 fjölmennustu sveitarfélögum landsins fyrir árið 2012. Þar kemur fram að álagningarpró-

senta fasteignaskatts er óbreytt hjá tíu sveitarfélögum af fimmtán en þrjú sveitarfélög hækka fasteignaskattinn. Auk Ísafjarðar hækkaði prósentan um 16% í Fjarðarbyggð

og um 14% í Hafnarfirði. Þau sveitarfélög sem lækka álagningarprósenta eru Reykjavík um 11% og Árborg um 7%.

Þegar tekið er tillit til breytinga á fasteignaskatti, miðað við

nýtt fasteignamat 2012, kemur í ljós að fasteignaskattur á fjölbýli hækkar hjá allflestum sveitarfélögum um 0,5% upp í 48%. Mesta hækkunin er hjá Ísafirði um 48%. Sömuleiðis er mesta hækkun fasteignaskatts fyrir sérbýli á Ísafirði eða um 63%. Fasteignamat fyrir bæði fjölbýli og sérbýli hækkaði hjá öllum 15 sveitarfélögum. Á Ísafirði hækkað matið fyrir fjölbýli um 2,4% og 12,8% fyrir sérbýli.

Holræsagjald er innheimt sem hlutfall af fasteignamati hjá öllum sveitarfélögum nema Reykjavík og Akranesi en þar er innheimt fastagjald og fermetragjald. Álagningarprósenta holræsagjalds er óbreytt frá árinu 2011 hjá átta sveitarfélögum af 15, en hækkar mest hjá Reykjavík og Akranesi um 60,5% og í Hafnarfirði um 15,6%. Ísafjörður er eina sveitarfélagið sem lækkar álagningarprósentu holræsagjalds að þessu sinni og nemur lækkunin 26,5%. Þegar tekið er tillit til breytinga á fasteignamati hækka holræsagjaldið hjá öllum sveitarfélögum nema Ísafirði þar er sem fjölbýli lækkar um 25% og sérbýli um 17%.

Vatnsgjald er innheimt sem hlutfall af fasteignamati hjá flestum sveitarfélögum en hjá Reykjavík, Akureyri, Akranesi, Vestmannaeyjum og Fljótaldshéraði er innheimt fast gjald, auk gjalds fyrir notkun eftir magni eða stærð húsnæðis eða bæði. Mesta hækkun á álagningarprósentu milli ára er hjá Reykjavík, Akranesi, og Fjarðarbyggð 10,7%. Ísafjörður hefur lækkað vatnsgjaldið um 40% á milli ára, Garðabær um 8% og Vestmannaeyjar um 2%. Ef tekið er tillit til breytinga á gjaldtöku miðað við fasteignamat kemur í ljós að gjöldin hafa hækkað hjá öllum sveitarfélögum, nema Ísafirði og Garðabæ. Fyrir sérbýli er einungis lækkun á Ísafirði um 32%.

Sorphirðugjald (sorphreinsunar- og sorpeyðingargjöld ýmis konar) eru ekki tengd fasteignamati en eru innheimt á hverja tunnu. Gjaldið er hæst á Ísafirði kr. 43.659 kr. á tunnu, sem er það sama og í fyrra. Nánari má fræðast um könnunina á vef ASÍ.

– *thelma@bb.is*

1 KR

1 króna fyrir barnið

aðra leiðina + 1.400 kr. 14.-29. febrúar 2012
(flugvallarskattur)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- ferðatímabil 14.–29. febrúar 2012

flugfelag.is | 570 3030

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Lítill sem engin umræða var innan LV um eignatengsl í atvinnulífi

Lítill sem engin umræða var innan Lífeyrissjóðs Vestfirðinga um stjórnenda- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi að því er segir í úttekt Landssamtaka lífeyrissjóða á fjárfestingarstefnu, ákvörðunum og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða í aðdraganda efnahagshrunsins árið 2008. Þá voru forsvarsmenn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, líkt og forsvarsmenn annarra lífeyrissjóða, ekki á verði

unum og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða í aðdraganda efnahagshrunsins árið 2008. Þá voru forsvarsmenn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, líkt og forsvarsmenn annarra lífeyrissjóða, ekki á verði

fyrir þeirri hættu sem stafaði af gölluðum skilmálum eingreiðslu skuldabréfa (kúlulána) sem smám saman urðu ríkjandi í útgáfum eignarhaldsfyrirtækja á markaði. Við fall bankanna tapaði sjóðurinn verulegum fjárhæðum á þessum eingreiðslubréfum banka og annarra fyrirtækja, bæði tengdum og ótengdum.

Að því er fram kemur í úttektinni endurspegladi starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga árin fyrir fall bankanna, þær aðstæður sem sköpuðust hjá lífeyrissjóðum landsins á árunum fyrir hrun. Áhætta lífeyrissjóðanna vegna vanda fyrirtækja tengdist kaupum sjóðanna á verðbréfum þeirra. Markaðsáhætta og vaxtaáhætta tengdist kaupum á spariskírteinum og húsbrefum. Verðbólguáhætta tengist ríkisvixlum og ríkisbréfum. Þá þrengdi lagaskylda lífeyrissjóðanna um að grípa til aðgerða, færi tryggingafræðilegur ójöfnuður yfir 5% eða 10%, jafnframt að sjóðunum. Hækkun réttinda þegar vel gekk jók um leið skuldbindingar sjóðsins og gerði auknar kröfur um áfram-



Lífeyrissjóður Vestfirðinga er til húsa í Neista á Ísafirði.

haldandi góða ávöxtun.

Að sögn Kristjáns G. Jóhannssonar, formanns stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, voru gerðar breytingar á verkferlum hjá sjóðnum þegar í kjölfari bankahrunsins. „Það er búið að gera miklar breytingar á verkferlum eftir hrunið. Búið er að fara yfir vinnu í sambandi við rekstur og

fjárfestingar og endurbæta og endurnýja verkferla,“ segir Kristján.

Meðal atriða sem úttektarnefndin gagnrýnir sjóðinn fyrir er að hafa ekki haft betra eftirlit með eignarstýringaraðilum en svo framarlega sem eignastýringaraðilinn hélt sig innan fjárfestingarstefnunnar, var ekki talin ástæða til að gera athugasemdir. Það fyrirkomulag er hins vegar óviðunandi fyrir lífeyrissjóð að mati nefndarinnar því ákvarðanir um fjárfestingar geta haft afdrifarkræfur afleiðingar þótt þær rúmist innan fjárfestingarstefnunnar. Einnig gagnrýnir úttektarnefndin eign sjóðsins á víkjandi láni á Landsbankanum. Úttektarnefndin telur vafasamt að lífeyrissjóðir sem varfærni fjárfestar séu yfirhöfuð að fjárfesta í víkjandi lánum en heildarvirði þeirra lána mun hafa verið 70-80 milljónir króna við fall bankans. Þá telur nefndin heimild sjóðsins til fjárfestinga í lánshæfistengdum skuldabréfum hæpin en sjóðurinn hefur orðið að afskrifa slík hlutabréf. – *asta@bb.is*

Lífeyrissjóður Vestfirðinga ekki í boðsferðum

„Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga hefur ekki farið í eina einustu boðsferð og ég held að við höfum ekki fengið boð í eina einustu boðsferð. Ég fór í einhverjar kynnisferðir erlendis, flestar til Lundúna, þar sem við vorum að kaupa erlend skuldabréf og í skuldabréfasjóðum. Þessar ferðir voru greiddar af sjóðnum en ég fór í engar boðsferðir. Það hefur alltaf verið okkar regla að sjóðurinn borgi slíkar ferðir,“ segir Guðrún K. Guðmannsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.

Í úttekt Landssamtaka lífeyrissjóða á fjárfestingarstefnu, ákvörðunum og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða í aðdraganda efnahagshrunsins árið 2008 voru gerðar athugasemdir við nokkrar ferðir sem starfsmenn lífeyrissjóða á Íslandi fóru í þar sem fyrirtæki borguðu kostnaðinn. Guðrún segir að fyrirtæki hafi ekki haft sérstakan áhuga á lífeyrissjóðum sem voru af sömu stærðargráðu og Lífeyrissjóður Vestfirðinga, litlir lífeyrissjóðir þóttu ekkert sérstaklega spennandi. Hún gerir ekki ráð fyrir að forsvarsmenn sjóðsins hefðu þegið slíkar ferðir, hefðu þær boðist.

Sjóðurinn setti sér samskipta- og siðareglur í apríl 2009 en fyrir þann tíma voru engar haldbærar reglur til. „Við erum með mjög stífar reglur um þetta núna, en flestir lífeyrissjóðir voru að setja þessar reglur á árunum 2008 eftir hrun og 2009,“ segir Guðrún. Farið er yfir reglur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í úttektinni. Þar kemur fram að samskipti við viðskiptaaðila á markaði eigi aðeins að þjóna því markmiði að ná sem bestri ávöxtun á fé sjóðsins og virða almennt viðskiptasiðferði. Þá fjalla reglurnar um ferðalög starfsmanna sjóðsins en slíkar ferðir geta verið nauðsynlegar fyrir starfsmenn til að afla sér góðra upplýsinga um möguleika á fjármálamarkaði. Sjóðurinn ber kostnað af slíkum ferðalögum og öllum gögnum um þau haldið til haga í eitt ár. Einnig verða viðburðir í tengslum við slíkar ferðir að vera innan eðlilegra marka.

Þá er í reglunum bann við að þiggja gjafir frá viðskiptaaðilum sjóðsins nema að um sé að ræða persónuleg tengsl við þá eða þær séu innan eðlilegra marka sem jólagjafir eða tækifærisgjafir. – *asta@bb.is*

Nafnasamkeppni hjúkrunarheimilis

Ísafjarðarbær hefur ákveðið að efna til samkeppni um nafn á væntanlegu hjúkrunarheimili á Ísafirði. Vinningshafinn fær að launum svokallaðan súperpassa frá Ísafirði sem gildir sem árskort á skíðasvæðin á Ísafirði, í allar sundlaugar sveitarfélagsins og í líkamsræktarsalina á Suðureyri, Flateyri og á Þingeyri. Ef fleiri en einn leggja til vinningsnafnið verður verðlaunahafi dreginn út.

Þátttakendur eru hvattir til að hafa í huga að nafnið á að vera

örvandi, jákvætt og hlýlegt og að nafnið þarf að mynda hjúp um það mikilvæga starf sem á að fara fram á heimilinu. Nafnið mætti gjarnan hafa skírskotun til gamalla gilda og sagna og að nafnið þurfi helst að vera ótengt nafnagift annarra stofnana eða starfsemi á svæðinu, að því er segir í tilkynningu.

Skilafrestur tillagna er til kl. 12 á hádegi 5. mars. Tillögum má skila til upplýsingafulltrúa á upplýsingafulltrui@isafjordur.is.



Forvarnarstarfið Veljum lífið heldur forvarna- og fíkniefnafræðslufund í Guðmundarbúð þriðjudaginn 22. febrúar kl. 20:00.

Foreldrar og nemendur unglíngastígs grunnskóla boðnir hjartanlega velkomnir.

Hljómsveitin „Frá Súðavík“ heldur litla tónleika í lok fundar.

Bestu kvæðjur Þorsteinn Haukur Þorsteinsson

Gamalt bréf fannst á milli þilja í Norska bakaríinu

Í gömlum húsum getur ýmislegt leynst á milli þilja og reyndist það raunin í Silfurgötu 5, Norska bakaríinu öðru nafni, þar sem unnið hefur verið að undanförunu að endurbótum. Er ætlun núverandi eiganda, Gistingar ehf., að innréttu húsið sem gistiheimili en að utanverðu verður það gert upp samkvæmt tillögum Húsafríðunarnefndar og skal vera sem næst upprunalegu útliti. Ýmislegt smádót hefur fundist þar inni í veggjum auk bréfs frá tveimur mönnum sem unnu að því að innréttu íbúð á efri hæð hússins á vormánuðum 1927. Bréfið var geymt í glerflösku og hefur varðveist vel. Munirnir sem fundust voru m.a. lykill, gafall, tindátar, armbönd og tré tappi.

„Erfitt er að segja til um hvort þessir munir hafi átt að hafa sérstaka merkingu en þekkt er sú hefð að tilteknir munir áttu að tryggja tiltekið lán eða gæfu íbúanna. Það að setja gafla eða skeiðar inn í vegg átti að tryggja að allaf yrði nóg að borða í húsinu, myntir áttu að tryggja auð og barnaföt eða leikföng áttu að tryggja barnalán,“ segir í umfjöllun Skjalahússins á Ísafirði um fundinn.

Húsið að Silfurgötu 5 var reist árið 1884 af þremur Norðmönnum, þeim Jacob Bye, V. Roed og H.C. Kruge. Stofnuðu þeir bakarí í húsinu er nefnt var Norska bak-

aríð. Bye hafði lært bakaríð og hvíldi reksturinn mest á hans herðum eða þar til hann flutti til Vesturheims um 1889. Þá tók annar Norðmaður við rekstrinum, J.E. Sollie, og rak hann bakaríð til 1895 er Ásgeirsverslun keypti það. Var þá þýskur bakari, Bentzein, ráðinn til að sjá um bakaríð en síðar tók Karl Eyjólfsson bakari við starfi hans.

Árið 1918 urðu eigendaskipti á bakaríinu þegar Hinar sameinuðu íslensku verslanir keyptu það ásamt öðrum eignum Ásgeirsverslunar. Nokkru síðar, árið 1921, lét Karl Eyjólfsson af starfi sem yfirbakari, flutti til Bolungarvíkur og hóf þar rekstur eigin bakarís. Gerðist Helgi Guðmundsson þá forstöðumaður og aðalbakari Norska bakarísins en hann hafði verið þar aðstoðarmaður um nokkurra ára skeið. Árið 1926 urðu Hinar sameinuðu íslensku verslanir gjaldþrota og var Norska bakaríð þá selt þeim Helga Guðmundssyni og Árna J. Árnasyni. Áttu þeir eignina saman þar til Árni flutti til Reykjavíkur 1931 en Helgi keypti þá hans hlut. Rak hann bakaríð til ársins 1954 en seldi þá og flutti til Reykjavíkur.

Bréfið í glerflöskunni er svohljóðandi:

„Íbúð þessi er gerð af okkur bræðrum, Bergsveini Guðmundssyni trjessmið og Kristjáni Guð-



Bréfið var geymt í glerflösku og hefur varðveist vel. Munirnir sem fundust voru m.a. lykill, gafall, tindátar, armbönd og tré tappi.

mundssyni verksmiðjustj. á tíma-bilinu febr. – apríl árið 1927. Eigendur þessa húss eru nú: Helgi Guðmundsson bakari bróðir okkar og Árni J. Árnason. Keyptu þeir húsið af h/f Hinar sameinuðu ísl. verslanir sumarið

1926. Þar áður átti eignina Á. Ásgeirsson verslun um langt skeið. Fjekk hún hana afnorskum manni, Soli, er ljet byggja húsið og stofnaði bakaríð.

Efri hæðin af þessari álmu hússins er þó byggð síðar, nokkru

fyrir aldamót af Jóakim Jóakimssyni trjessm. Hefur það rúm verið notað fyrir geymslu þar til nú. Þessi íbúð er ætluð móður okkar, Kristínu Friðriksdóttur, og okkur.

Það er allra ætlan, að aldrei

Framtíðin borgar

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mál-efnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.


Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Hrunið verður mikilvægt rannsóknarefni framtíðarinnar. Almennungur vill vita af hverju allt hrunið á Íslandi. Svarið er einfalt. Hvorki menntun né gáfur voru nýtt með þeim hætti sem sæmami er síðuðu fólki. Græðgi ákveðinna manna sem keyptu sér stuðning stjórnmalamanna og flokka réði ferð. Háttsettir stjórnmalamenn hikuðu ekki við að þiggja alls kyns boð og boðsferðir fyrirtækja og banka til útlanda. Enginn virtist láta sér detta í hug að þó gaman væri að fljúga í einkaþötu auðmanna kynni það að vera siðlaust og allsendis óviðeigandi í besta falli. Margir, alveg upp í þá æðstu í stjórnmalalífi Íslands, þáðu slík gylliboð. Ef til væri sanngjarn dómstóll í þeim málum sem snertir stjórnun ríkis kæmist hann að þeirri niðurstöðu að slík hegðun gerði það að verkum að þessum stjórnmalamönnum væri ekki treystandi og þeir sinntu ekki um-þjóðendum sínum, þjóðinni, á viðunandi veg og alls ekki með siðlegri framkomu. En lék ekki þjóðin með, starði á dýrdina í glans-tímaritum? Útvarp og sjónvarp hömпуðu þessum lífstíl, meira að segja Ríkisútvarpið, en hvers vegna? Meira um það síðar.

Í ljós er komið að illa gengur að efna stóru lofordin frá því fyrir kosningar 2009. Fólk hefur ekki atvinnu. Það flýr land sem aldrei fyrr ef frá eru taldar vesturferðir á nítjándu öld í kjölfar eldgosu og margra hafísára. Þá gafst fólk upp og leitaði sér betra lífs með

misjöfnum árangri þó, en Íslandi blæddi. Vill það nokkur maður? Því verður ekki trúað. Ríkisstjórn norrænnar velferðar missti flugið, kannski náði hún því ekki, þótt þjóðin tryði lofordum og styddi hana dyggilega í upphafi. Molnað hefur rækilega úr öðrum ríkisstjórnarflokknum. Nú er svo komið að fyrrum vinstri grænn hagfræðingur er ekki bara farin, heldur hefur stofnað Samstöðu. Hún sópar að sér fylgi í skoðanakönnun fjölmiðla eins helsta auðmanns og einkaþötu eiganda fyrir hrun. Lilja Mósesdóttir fær þar fylgi. Allt of margir vilja þó ekki taka afstöðu.

Fimmtungur velur hana. Fyrir hvað stendur hún? Samstaða er um að velta vandanum yfir á framtíðina. Hækkiríkisútgjöld, skattar lækki og skuldir verði felldar niður, hver ber þungann? Framtíðin mun gera það, börn okkar og barnabörn. Alltaf kemur að skuldadögum, meira að segja í Evrópusambandinu. Vonandi fáum við betri lausnir en þá að ýta skuldum á undan okkur hjá þeim sem vilja stjórna þjóðinni. Margir munu muna að núverandi ríkisstjórn vildi velta vandanum af Icesave yfir á framtíðina. Neitun Forseta Íslands á staðfestingu laga kom í veg fyrir það, að minnsta kosti tímabundið. Er ekki réttara að fást við vandann en að velta honum á undan sér?



áður hafi atvinnuleysi og fjáskortur þrengt svo kosti íbúa þessa bæjar sem nú. Við óskum og vonum að þegar þetta blað kemur næst fyrir mannaaugu verði ástandið betra og horfurnar glæsilegri. Við sendum yður kærar kveðjur, þjer óþektu smíðir sem að rífið þetta hús, og gagnid þannig lögmáli þróunarinnar: Að bylta og byggja betur á ný.

Vinsamlegast

Ísafirði 3. apríl 1927

Bergsv. Guðmundss. Kr. Guðmundsson.

Í umfjöllun Skjalasafnsins á Ísafirði um fundinn segir að Kristján og Bergsveinn voru synir hjónanna Guðmundar Magnúsar Sveinssonar og Kristínar Friðriksdóttur. Þau gengu í hjónaband árið 1890, þá bæði húsmenn á Fossi í Skutulsfirði. Áttu þau næstu árin heima í Skutulsfirði og Hnífsdal en árið 1894 flutti fjölskyldan á Tannanes í Ónund-

arfirði. Eignuðust þau Guðmundur og Kristín sjö börn sem öll komust til fullorðinsára nema eitt, sem dó stuttu eftir fæðingu. Guðmundur Magnús lést vorið 1910 og flosnaði þá ekkjan upp af jörðinni og barnaskarinn dreifðist. Eitt barnanna varð eftir í Tannanesi, þrjú fóru til Ísafjarðar en tvö yngstu börnin fylgdu móður sinni, drengirnir Kristján og Bergsveinn. Kristín fór fyrst til Dýrafjarðar en flutti ári síðar til Ísafjarðar. Þar náði hún saman öllum börnunum og bjó með þeim í fjölbýlishúsinu Bjarnarborg. Börn Kristínar og Guðmundar sem til aldurs komust voru: Guðrún, giftist Hermundi Jóhannssyni húsasmið á Akureyri; Guðmundur, dó ungur og ókvæntur; Elín, giftist Halldóri Snæhólmi bónda á Sneis; Helgi bakaramestari á Ísafirði; Kristján framkvæmdastjóri í Reykjavík og Bergsveinn húsasmiðameistari.

– thelma@bb.is



Norska bakaríið svokallaða að Silfurgötu 5.

Undirbúa kajakkróður til Grænlands

Kajakræðarnir Baldvin Kristjánsson og Halldór Sveinbjörnsson hyggjast róa á tveimur kajakökum frá Ísafirði til Grænlands í sumar, en slíkt hefur aldrei verið gert fyrr. Um er að ræða 200 sjómílna leið á opnu hafi en ráðgert er að róðurinn taki 4-10 daga. Róið verður í Golfstraumnum, sem liggur til norðurs, um 30% leiðarinnar, og þegar komið er inn í grænlenka landgrunnið, liggur straumurinn til suðurs. Hyggjast þeir félagar koma að

landi við Blossavilla ströndina, um 700 kílómetra norðan við nyrstu byggð á austurströnd Grænlands. Þaðan verður róið um 300 sjómílur til Kulusuk, sem taka mun 10 daga.

Baldvin Kristjánsson leiðangursstjóri segir í samtali við Morgunblaðið að hárréttar aðstæður þurfi að vera til staðar svo hægt sé að fara í ferðina. Veður, ís og sjólag þurfi að vera eins og best verður á kosið og einungis sé hægt að leggja af stað á tímabilinu



Lífeyrissjóður Vestfirðinga er til húsa í Neista á Ísafirði.

Hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga minnkaði um 87% á einu ári

Hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga lækkaði um fimm milljarða króna eða 87% á einu ári, þ.e. frá 31. desember 2007 til sama tíma ári síðar. Um mitt ár 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins 8,3 milljarðar króna sem var aukning upp á 22% frá áramótunum 2006/2007, að því er fram kemur í úttekt Landsamtaka Lífeyrissjóðs á fjárfestingarstefnu, ákvörðunum og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða í aðdraganda efnahagshrunsins árið 2008. Á síðari helmingi ársins 2007 lækkaði hlutabréfaeign sjóðsins enda var hlutabréfagengi þá farið að lækka mikið og árið 2008 hrapaði hún raunverulega.

Tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga var mest í innlendum hlutabréfum og á fjórum árum tapaði sjóðurinn samtals 3,8 milljörðum króna á innlendri hlutabréfaeign. Þá féll hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins úr því að vera 22 – 26% árin 2006 og 2007 í það að verða aðeins 3,5% árið 2008 og 3,2% árið 2009. Hlutabréfaeignin var dreifð en var mest í bönkunum þremur. Þá vekur það athygli að um helmingur af hlutabréfaeign sjóðsins í árslok 2008 var hlutabréf í óskráðum félögum.

Mesta tapið varð árið 2008 í kjölfar bankahrunsins en að sögn Kristjáns G. Jóhannssonar, formanns stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga verður einnig að skoða árin á undan þar sem góð ávöxtun var á lífeyrissjóðunum á því tímabili. Þá hafi sjóðurinn dregið úr hlutabréfaeign árið 2007 og 2008 fram að hrúni. Þetta kemur í ljós þegar hlutabréfaeign sjóðsins í Kaupþingi er skoðað en í ársbyrjun 2006 var eign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í Kaupþingi samtals 2.718 þúsund hlutir eða um tveir milljarðar króna að markaðsvirði en sjóðurinn átti 1.640 þús. hluti þegar bankinn varð gjaldþrota 2008. Áætlað tap sjóðsins á hlutabréfaeign í Kaupþingi er um 1,1 milljarður króna.

Samtals varð tap sjóðsins á hlutabréfaeign í Glitni 739 milljónir króna. Í árslok 2005 var eignarhlutur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í Glitni 67.471 þús. hlutir að markaðsvirði 1,1 milljarður króna. Á árunum 2006 og 2007 seldi sjóðurinn hluti í Glitni en hlutabréfaeignin jókst á fyrri hluta ársins 2008. Aukningin er að mestu tilkomin vegna greiðslu fyrir hlutabréf sem sjóðurinn átti í FL Group. Þegar FL Group var afskráð var hluthöfum félagsins greitt með hlutabréfum í Glitni.

Tap sjóðsins á hlutabréfaeign í Straumi-Burðarás varð a.m.k. 521 milljón. Í árslok 2005 var hlutabréfaeign sjóðsins í Straumi-Burðarás 19.185 þús. hlutir að nafnverði 305 milljónir króna. Frá ársbyrjun 2006 til og með fyrsta ársfjórðungi 2008 keypti Lífeyrissjóður Vestfirðinga jafnt og þétt hlutabréf í Straumi. Frá og með öðrum ársfjórðungi 2008 seldi sjóðurinn síðan 14.262 þús. hluti fyrir 91 milljón króna.

Í ársbyrjun 2007 var eignarhlutur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í Exista ekki mikill eða 3.424 þús. hlutir að verðmæti 77 milljónir króna. Á fyrri helmingi ársins 2007 jók sjóðurinn hlut sinn í Exista en frá og með miðju ári 2007 byrjaði sjóðurinn að selja hlutabréf sín í Exista. Athygli vekur að sjóðurinn fjárfestir síðan aftur í Exista á öðrum ársfjórðungi 2008 og er þá gengi hlutabréfa búið að lækka verulega.

Tekið skal fram að einungis er sýnt tap sjóðsins á ofangreindu tímabili. Í sumum tilvikum hafði sjóðurinn átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í úttektinni. Þá er ekki tekið tillit til arðgreiðslna úttektinni.

– asta@bb.is



Halldór Sveinbjörnsson í veltuæfingu á grænlenkum kajak frá Greenland kayaks.

frá 25. júlí til 5. ágúst. Eftir þann tíma verði það of seint. Halldór segir þá félagar hafa gert athuganir á aðstæðum á þessari sjóleið og að þær sýni að árið 2011 hefði þetta verið ófært, en árið 2009 fært.

Félagarnir munu búa sig með vistir sem duga í 30 daga, fyrst og fremst þurrkaðan mat. En orkuinntaka er ráðgerð um 5000 hitaeiningar á dag. Þá þurfa þeir að hafa um 40 lítra af vatni hvor yfir hafið. Kajakarnir sem þeir nota eru byggðir á grænlenstri

hönnun og framleiddir á Ísafirði. Grindin hefur verið þróuð í 4000 ár, en dúkurinn er sérhannaður. Í honum er notað svokallað ofurtóg, sem hentar vel á þessari leið.

„Dóri er mjög tæknilega góður, öflugur og sterkur. Ég er með vistir sem duga í 30 daga, fyrst og fremst þurrkaðan mat,“ segir Baldvin, spurður um reynslu þeirra. Baldvin hefur langa reynslu af róðri m.a. við Grænland, en Halldór hefur m.a. róið ellefu sinnum fyrir Horn. – thelma@bb.is

Hagur maður með gítar

Það er erfitt að segja til um hvort Arnar Guðmundsson er snjallari smiður eða gítarleikari. Eitt er víst, hann er mjög góður í hvoru-veggja og handlaginn með ein-dæmum. Nú hefur Arnar nýlokið við að smíða forlata hringstiga úr rekavið af Ströndum. Blaðamaður BB kíkti í heimsókn í smiðjuna hans í Hnífsdal.

Þriðja kynslóðin

„Það er rúmt ár síðan ég fluttist hingað í Hnífsdal. Ég kann mjög vel mig enda æðislegur staður, fólkið hér er yndislegt og náttúr-an falleg. Svo er ég með hænurnar mínar í garðinum og í túnfæt-inum rennur Hnífsdalsáin. Það er líklega ekki hægt að hafa það betra,“ segir Arnar glaður í bragði. „Ég er lærður húsasmíðameistari og hef verið sjálfstætt starfandi síðan 1988. Seinna fór ég til Dan-merkur og sérhæfði mig þar í antíksmíði. Í því felst allt frá því að gera upp gömul hús og yfir í að taka í gegn lúnar mublur sem þurfa yfirhalingu. Ég fann fyrir því í Danmörku að ég sem ís-lenskur iðnaðarmaður virtist ófeimnari við að vaða í hlutina. Við Íslendingar erum svolítið sér-stakir að því leyti að við komum víða við og búum oft yfir fjöl-þættari reynslu. En kannski bý ég líka að því að bæði faðir minn og afi voru smiðir. Ég er því af þriðju smiðakynslóðinni,“ segir Arnar og brosir.

Ekki of hratt

Arnar hefur nýlokið við að smíða forlata hringstiga úr rekavið af Ströndum. „Já, þegar ég var búinn að klára að gera upp húsið fyrir fyrir Smára og Nínu á Hrannargötu vantaði stiga upp á efri hæðina. Á meðan ég hlustaði á þau velta fyrir sér hvar og hvernig stiginn ætti að vera kom þessi hugmynd til mín, að smíða hringstiga úr rekavið. Þeim leist vel á það og þá var ekki aftur snúið. Við fórum svo í Árnes í fyrrihaust og sóttum tvo góða drumba í þetta.“

Arnar byrjaði á stiganum síðastliðið vor en hann segir helstu kúntina við að smíða úr rekavið þá að láta tímann vinna með sér. „Rekaviður þarf að þorna á löng-um tíma en þetta er mjög þéttur og góður viður. Þetta er einhver besti viður sem ég hef unnið úr. Ætli drumbana hafi ekki rekið frá Rússlandi, heimalandi Nínu. Einhverveginn finnst mér lík-legt að þeir hafi ákveðið að koma hingað til að létta undir með henni í þessu fjarlægja landi.“

Við píláranna hafa verið skornar út rómverskar tölur. „Já, stig-inn verður tekinn í sundur hér í



Braggahús á Útnyrðingsstöðum, austur á Héraði.
„Ég smíðaði þetta hús árið 2006 en það er 70 fermetrar. Eigendurnir nota það sem heilsárshús.“

smiðjunni og fluttur í hlutum heim til Smára og Nínu. Þar verður hann settur saman aftur en í honum eru tólf þrep og 23 pílárar sem allir þurfa að rata á réttan stað.“

Smíðar braggahús

Arnar virðist hugmyndaþráur maður en hann hefur líka gefið bragganum gamla nýtt líf. „Já, ég hef hannað og smíðað svokölluð braggahús. Sú hugmynd að nota braggformið og smíða hús þar sem burðarvirkið væri límtré kom til mín þegar ég var að smíða leikmyndir hjá Sjónvarpinu. Þetta var ein af þessum hugmyndum sem lætur mann ekki í friði og ég varð bara að framkvæma þetta. Ég fékk svo viðurkenningu frá Iðntækni-stofnun á sínum tíma og hönnun-arvernd á húsini. Ég smíðaði fyrsta húsið árið 2000 en það stendur í Selvoginum hjá Stranda-kirkju og er listagallerí. Síðan hef ég smíðað þrjú hús til við-bótar, eitt fór austur í Grímsnes, annað austur á Hérað og það fjórða stendur á Snæfellsnesi og er stærst þeirra, 136 fermetrar.



Barnarúm sem Arnar smíðaði og skar út.
„Ég smíðaði annað alveg eins og ætlaði að selja það en tímdi því ekki þegar til kom og gaf systur minni það í staðinn.“

Þetta eru ein bestu hús sem ég verið í og henta bæði sem sum-arbústaðir og heilsárshús. Hvel-vingarformið er nefnilega mjög þægilegt. Þau eru líka miklu efnisminni og viðhaldsminni en önnur hús. Það er mjög ódyrt að kynda þau og lítið veðurálag á þeim. Ég hef ýmist afhent þau fokheld, tilbúin undir tréverk eða fullbúin. Og það er bæði hægt að setja þau á steiptan grunn og á stöpla. Þau eru því mjög með-færileg. Annars má skoða málið betur á heimasíðunni minni (www.smid-arnar.is).“

Blúsað í morgunsárið

Þegar Arnar vill hvíla sig á smiðunum tekur hann upp gítar og spilar blús. „Já, þar erum við komnir að sálinni í mér. Ég spila svokallaðan deltablús en við er-um ekki margir í honum á Íslandi. Ég byrjaði að stúdera hann í kringum 1985 og lærði bara með því að prófa mig áfram og hlusta á mína menn, Mississippi John Hurt og Big Bill Broonsy. Ég hef komið fram á blúshátíðinni í Reykjavík og Rósenberg en annars er ég nú frekar feiminn við



það.

Ég er algerlega háður gítarum og spila stundum oft á dag. Sérstaklega finnst mér gott að spila snemma á morgnana. Ég spila oft í um klukkustund áður en ég fer út úr húsi og til vinnu. Eins finnst mér fínt að vera með gítarinn í fanginu þegar ég horfi

á sjónvarpið. Það er alveg nóg að horfa bara á sjónvarpið. Maður þarf ekki að heyra í því. En svo hef ég líka aðeins tekið þátt í tónlistarlífinu hér fyrir vestan og syng með karlakórnum Ernir. Það er frábær félagsskapur,“ segir Arnar að lokum.

– Huldar Breiðfjörð.



Blótuðu þorra í Reykjanesi

Ríflega 100 manns mættu á þorrablót sem haldið var í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp fyrir stuttu. Góð stemmning var á blótinu en meðal gesta mátti finna hóp kajakraðara frá Ísafirði, starfsfólk Landflutninga og starfsfólk tannlæknastofunnar á Ísafirði. Að sögn Jóns Heiðars Guðjónssonar hótélstjóra, komu gestirnir víða að. „Þetta var mikið fólk af Vestfjörðum en það komu einnig gestir frá Siglufirði og frá Reykjavík. Halli Reynis spilaði fyrir dansi og fólk dansaði langt farm eftir nóttu,“ sagði Jón Heiðar. Haldin eru fjögur þorrablót í Reykjanesi á Þorranum og eru um 70-100 manns á hverju blóti.



Sælkeri vikunnar er Sesselja Guðjónsdóttir, Ísafirðingur búsettur í Englandi

Nauta- og bjórkaka og beyglur

Fyrri rétturinn er mjög hefðbundinn breskur réttur sem heitir á frummálinu „steak and ale pie“. Það besta við hann er að þar sem hann er eldaður svo lengi, er hægt að nota nánast hvaða hluta nautsins sem er. Seinni uppskriftin er uppskrift af beyglum sem eru gríðarlega vinsælar á sunnudagsmorgnum á mínu heimili.

Nauta- og bjórkaka

900 g nautakjöt skorið í ca 3 sm bita (gúllas)
2-3 msk hveiti kryddað með salti og pipar
50 g smjör
2 laukar, gróft hakkaðir
2 hvítlauksgeirar, gróft hakkaðir
2 gulrætur, gróft hakkaðar

150 g sveppir, heilir nema þeir séu mjög stórir
2-3 greinar ferskt timian (eda dass af þurrkuðu)
1 lárviðarlauf
400 ml dökkur bjór
500 ml kjötsoð
1 pakki frosið smjördeig eða 300-400 g heimatilbúið ef maður nennir að standa í því
Hrært egg

Veltið kjötinu upp úr hveitinu og steikið í smjörinu þar til kjötið er orðið brúnt á öllum hliðum. Skellið þar næst grænmetinu og kryddjurtunum í pottinn ásamt bjórnum og soðinu og látið þetta krauma undir loki á lágum hita í allavega 1 ½ klukkustund.

Kryddið þetta vel með salti og pipar og hellið í eldfast mót.

Fletjið smördeigið út og hyljið mótið með því. Penslið þetta svo með egginu og bakið við 220 gráður í 20-30 mínútur. Þetta er svo borið fram með gufusoðnu eða smjörsteiktu grænmeti.

Beyglur

400 gr hveiti
1 ½ tsk þurrger
2 tsk salt
2 msk sykur
225 ml volgt vatn
2 msk þúðursykur
Fræ að eigin vali

Hnoðið hveiti, ger, salt, sykur og vatn saman (ekki lengi, bara rétt þar til þetta hangir saman) Látið þetta hefast í 10 mínútur. Hnoðið þar næst deigið í 10 sekúndur og látið aftur hefast í 10



mínútur. Þetta er endurtekið tvisvar í viðbót. Deilið svo deiginu í 6 jafn stórar kúlur og látið hefast í 20 mínútur. Sjóðið 2-3 lítra af vatni í stórum potti á meðan kúlurnar hefast og bætið þúðursykrunum út í. Búið til gat á hverja kúlu með fingrinum og teygjið svolítið vel á þeim svo að gatið lokist ekki í ofninum, og skellið þeim ofan í sjóðandi vatnið í 15-20 sekúndur (snúðið

þeim við eftir 10 sekúndur ef helmingurinn stendur upp úr). Stráðið svo fræjum yfir soðnar beyglurnar og bakið við 200 gráður í 15-20 mínútur. Þær eru bestar nýbakaðar með osti eða öðru góðu álegg.

Ég skora á Brynju Björg Guðmundsdóttur, vinkonu mína og Vestfirðing í Kaupmannahöfn.

Fáðu D-vítamín úr Fjörmjólk



D-vítamín hjálpar þér að vinna kalkið úr mjólkinni. Kalk er nauðsynlegt fyrir uppbyggingu og viðhald beina.

Nú þegar sólin er lágt á lofti fáum við ekki nægilegt D-vítamín í gegnum húðina og því verðum að bæta okkur það upp til dæmis með því að drekka D-vítamínbætta Fjörmjólk. Fjörmjólk inniheldur D-vítamín, A-vítamín, B2-vítamín, fosfór og kalk.

Fjörmjólk – beinlínis full af fjöri!



www.ms.is